



Áveitan

2. tbl. 13. árgangur. Febrúar 2019

Þorablót í Þjósárveri

Þá er komið að því!

Þorablótið í Þjósárveri 2019 verður haldið þann 16. febrúar n.k. og opnar húsið kl. 20:30 og hefst borðhaldið kl. 21:00.

Hljómsveitin Kókos heldur uppi dansstuðinu langt fram eftir nóttu og Veisluþjónusta Suðurlands sér um matinn!

Miðapantarnir eru í síma 844-6128 (Cathy Egilsstaðakoti) og 846-3562 (Gunnella Lynghæð) og þarf að panta í síðasta lagi 10. febrúar.

Miðaverð verður birt síðar. Hlökkum til að sjá ykkur!



Nefndin

Þjótandi sigraði héraðsmótið

Héraðsmót fullorðinna í frjálsum íþróttum fór fram 13. janúar. Lið Þjótanda sem skipað var þeim Stefáni Narfa Bjarnasyni og Brynjari Jóni Brynjarssyni gerði sér lítið fyrir og sigraði stigakeppnina á mótinu með góðum árangri og þátttöku í mörgum greinum. Er þetta fyrsti héraðsmeistaratitill okkar unga félags í frjálsum íþróttum. Nánar er fjallað um mótið á blaðsíðu 14 í blaðinu.

Áveitan í Flóahreppi

Útgefandi: Ungmennafélagið Þjótandi.

Ábyrgðarmenn:

Fanney Ólafsdóttir	fanneyo80@gmail.com	892-4155
Bryndís Eva Óskarsdóttir	801haholt@internet.is	846-7188
Hallfríður Ósk Aðalsteinsd.	halla@floahreppur.is	845-9719
Ellen Bachman Lúðvíksd.	ellenbach@simnet.is	616-1588

Frá sveitarstjóra

Kæru íbúar og aðrir lesendur

Þorinn heilsar með björtum og fallegum dögum og kuldagallarnir okkar koma aftur að góðum notum ásamt ullarsokkunum sem lítið hafa verið notaðir frá því síðasta vetur. Snjórinn hefur ekki mikið verið að trufla daglegar ferðir því gott lið sér um mokstur á helstu leiðum í sveitarfélaginu, á heimreiðum og á plönnum. Þeir hafa ekkert verið að rella verktakarnir okkar yfir því að það þurfi að færa klukkuna þó þeir þurfi að mæta snemma í moksturinn. Alltaf er orðið vel fært þegar við hin þurfum að komast í vinnu og skóla. Bestu þakkir fyrir það.

Af húsnæðismálum í Flóaskóla eru þær fréttir helstar að búíð er að flytja aðstöðu starfsmanna úr stjórnunarálmunni í gamla skóla og tókst að hagræða í öðrum rýmum þannig að kennsla getur haldið áfram í öllum greinum hjá öllum bekkjum og starfsmenn fá einnig viðunandi rými til undirbúnings og hvíldar.

Takk kæru starfsmenn í Flóaskóla og á fasteigansviði fyrir útsjónarsemi, dugnað og smekklegar lausnir þegar þið náðuð að koma flestu heim og saman á aðeins tveimur dögum. Takk einnig kæru foreldrar sem þurftuð óvænt að hafa börnin heima í 2 daga. Nú verður farið í að kostnaðaráætla mögulegar viðgerðir á elsta hluta skólans og í framhaldi af því verða teknar ákvarðanir um næstu skref. Óskað hefur verið eftir aðstoð Vinnueftirlits og Heilbrigðiseftirlits við að fara yfir það hvort ekki sé fyllilega búíð að bregðast við þeim ábendingum sem þegar hafa komið fram vegna þessara aðstæðna. Við lítum svo á að núverandi skipulag sé til bráðabirgða a.m.k. út þetta skólár eftir því hvaða ákvarðanir verða teknar varðandi varanlegar úrbætur. Á skrifstofunni vinna starfsmenn að árstíðabundnum verkefnum, endurskoðun ársins 2018 stendur yfir ásamt endurskoðendum, í framhaldi af því gerð ársreiknings, og álagning fasteignagjalda er verkefni

febrúarmánaðar. Þorablótin ásamt undirbúningi þeirra eru á dagskrá í félagsheimilunum og húsverðir aðstoða íbúana við undirbúning eftir bestu getu.

Í gömlu Þingborg er verið að endurnýja gólf í sal og stefnt á verklok fyrir miðjan febrúar.

Lokið hefur verið við að skipta um brunaeftirlitskerfi í félagsheimilinu Þingborg. Eldra kerfið sem var orðið úrelt sendi stundum út falsboð án þess að nokkuð væri að. Það var þreytandi fyrir húsverðina okkar að búa við það og tímabært að laga. Unnið er að því að bæta lýsingu meðfram aðkeyrslu að leikskólanum Krakkaborg enn frekar og með því eykst öryggi við heimreið og plön við félagheimili og skrifstofu.

Verktakar við Flóaljós hafa geta unnið nokkuð óslitið fram að þessu og jarðvinna komin af stað við þriðja áfanga sem liggur niður með Urriðafossvegi og suðurströndina vestur að mörkum Árborgar.

Ungmennni úr Flóahreppi mættu vel á ráðstefnu ungmennaráða á Selfossi.

Vettvangur ungmennaráðanna er skemmtilegur þarna voru duglegir krakkar sem höfðu margt gott til málnanna að leggja og við þessi eldri lærðum margt af þeim og vorum líka verulega stolt að framlagi Flóamanna. Þórunn Ösp Jónasdóttir sem nýráðinn leiðbeinandi í Félagsmiðstöðinni okkar sá um að fylgja krökkunum okkar eftir á ráðstefnunni sem stóð yfir í tvo daga.

Kosið verður í nýtt ungmennaráð í Flóahreppi á sveitarstjórnarfundi 6. febrúar 2019.

Á samstarfsvettvangi sveitarfélaganna um seyrulosun og úrvinnslu hefur verið farið yfir árangur af starfi ársins. Í heild gekk verkefnið vel og losun rotþróa samkvæmt áætlun í Flóahreppi þegar kom fram á sumarið. Nokkrir aðilar munu fá send bréf frá okkur þar sem komið verður á framfæri ábendingum um einstök atriði sem betur mega fara. Aðeins á tveimur bæjum stífluðst síur út af miklu magni af blautþurrkum en á nokkrum stöðum þyrfti að bæta aðgengi að rotþróum.

Unnið er að undirbúningi á útflutningi á sorpi úr gráu tunnunni sem mun valda kostanaðraukningu pr. kíló við förgun á þeim hluta sorpsins. Ekki hefur tekist að fá land fyrir urðunarstað á Suðurlandi svo þetta er eins og er eina færa leiðin. **Við biðjum ykkur því að vanda alla flokkun á sorpi og minnka þannig eins og mögulegt er það magn sem þarf að fara í gráu tunnuna. Flest er nefnilega hægt að endurvinnna eða jarðgera ef rétt er flokkað.**

Góð kveðja til ykkar.

Eydís Þ. Indriðadóttir sveitarstjóri.

UPPSKRIFTARHORNÞ

Ég þakka Brynjari traustið. Þar sem hann tók fyrir sauðfé finnst mér við hæfi að taka fyrir hrossakjöt.

Innbökuð folaldalund með sveppasósu

500 gr. folaldalund

1 pakki smjördeig

Laukur. Smátt saxaður

2 msk. olía

200 gr. skornir sveppir

4 sneiðar skorið beikon

1 tsk. jurtasalt

1/4 tsk. svartur pipar

1 pískað egg til að pensla með

Léttsteikið lauk, sveppi og beikon í olíu við vægan hita. Kryddið.

Lokið lundinni á meðalheitri pönnu og kryddið eftir smekk.

Fletjið smjördeigið út og skiptið í 4 hluta. Skerið lundina í fernt, setjið

fyllingu og lund í hvern deighluta, lokið deiginu og penslið með egginu.

Bakið við 180° í ca. 20mín.

Þeir sem eru ekki fyrir smjördeig geta sleppt því og notað

fyllinguna sem meðlæti.

Borið fram með salati, bakaðri kartöflu og sveppasósu.

Sveppasósa. (Góð með öllu rauðu kjöti.)

1/2 rauðlaukur saxaður

50 gr. smjör

2 hvítlauksrif. Smátt söxuð

200 gr. sveppir í sneiðum

2 msk. hveiti

2 dl. vatn og kjötteningur

1/4 tsk. svartur pipar

1 dl. rjómi

Léttsteikið rauð og hvítlaukinn upp úr smjöri við vægan hita. Bætið

hveiti saman við með pískara. Setjið vatnið og teninginn saman við

og hrærið þar til sósan er kekkjalaus. Kryddið og bætið rjóma saman

við. Sjóðið áfram við vægan hita í stutta stund.

Ég ætla að skora á Kristinn í Hraunholti. Ég veit að hann er mikill áhugamaður um villibráð og ég hef reynslu af því að hann er frábær kokkur.

Bárður V Magnússon Hólshúsum.

Hegðunarviðmið Umf. Þjótanda

Eins og fram kom í síðustu Áveitu er Ungmennafélagið búið að útbúa siðareglur og hegðunarviðmið fyrir félagið. Siðareglurnar voru birtar í síðasta tölublaði en hér birtum við hegðunarviðmið fyrir íþróttaiðkendur félagsins.

- Gerðu alltaf þitt besta og berðu virðingu fyrir öðrum.
- Þekktu reglur íþróttagreinarinnar og vertu háttvís í hvívetna.
- Taktu þátt af því að það er gaman, ekki til að þjóna hagsmunum styrktaraðila, foreldra eða þjálfara.
- Berðu virðingu, bæði fyrir sam- og mótherjum.
- Ekki láta í ljósi neikvæðar eða niðrandi athugasemdir gagnvart öðrum iðkendum, keppinautum, dómurum, þjálfurum og liðsstjórum sem og öðrum aðilum sem koma að íþróttastarfi með einum eða öðrum hætti.
- Komdu fram við aðra eins og þú vilt að þeir komi fram við þig .



Eyravegi 32 · Sími 480 1160 · Neyðarnúmer 660 1160

Pistillinn

Ég þakka föður mínum fyrir áskorunina. Fyrir þau sem ekki þekkjá mig þá heiti ég Erla Björg Aðalsteinsdóttir og bý í gamla bænum í Kolsholti 1 ásamt Kristni, manningnum mínum, og tveimur dætrum okkar. Í leit að innblæstri þá fletti ég nokkrum Áveitum aftur í tímann og sá fljótt að rauði þráðurinn í viðfangsefnum pistlanna er oftast en ekki nostalgía einhverskonar eða einfaldlega um kosti þess að búa í Flóanum. Og ég ákvað að vera ekkert að víkja frá þeirri venju.

Það er mér einstaklega dýrmætt að fá tækifæri á að búa í húsinu sem amma og afi bjuggu í meðan ég var að alast upp, hvort sem það verður til langs eða skamms tíma. Í þessu húsi á ég margar minningar, flestar tengdar mat að einhverju leyti. Þarna kenndi amma mér einnig að spila rommý, meðal annars, og afi sagði mér sögur af fólki sem ég þekkti í rauninni ekki neitt en alltaf fylgdi það sögunni að þetta væri skyldfólk mitt, alveg sama hversu langt aftur í ættir það var rakið.

Við Kristinn erum núna í rólegheitunum að halda áfram með þá vinnu sem afi og amma voru byrjuð á, að gera gamla bæinn upp, en hann var byggður einhvern tímann í kringum 1950. Erum núna að vinna bakdyramegin að brjóta niður vegg og rífa niður loftið sem er einangrað með sagi. Margt forvitnilegt hefur komið í ljós við þá vinnu, t.a.m höfum við fundið á milli þilja heillega opnu af Morgunblaðinu frá 24. ágúst 1955 og lófastórann kuðung í heilu lagi inn í steiptum vegg. Verst er að við höfum þessa dagana hvorugt tíma í þessa vinnu og forstofan búin að vera full af sagi síðan einhvern tíman fyrir jól. Og það er ekki að spyrja að því að þegar gegnumtrekkurinn nær einhverju skriði að það þarf að ryksuga allt húsið.

Fyrir mér voru það hrein forréttindi að fá að alast upp í sveit og einkum að fá að alast upp í næsta húsi við ömmu og afa. Það var því ekki erfið ákvörðun að taka þegar okkur Kristni bauðst að koma inn í reksturinn í Kolsholti og ég set það ekki fyrir mig þó ég sæki vinnu til Reykjavíkur. Nú heldur þetta áfram, dætur okkar Kristins fá að alast upp nálægt ömmum sínum og öfum og með frændsystkinahópinn í næsta húsi eða nágrenni.

Ég ætla að skora á jafnaldra minn hann Harald Einarsson á Urriðafossi, sem hefur einnig tekið þá ákvörðun að flytja til baka í sveitina, að koma með næsta pistil.

Erla Björg Aðalsteinsdóttir

Frá Villingaholtssókn í Selfossprestakalli:

Almennur safnaðarfundur verður haldinn í Villingaholtskirkju mánudagskvöldið 11. febrúar kl. 20.00.

Kynning og umræður um sameiningu Selfossprestakalls og Eyrarbakkaprestakalls

Málefni fundar er tillaga biskupafundar sem lögð var fyrir kirkjuþing á liðnu hausti, en frestað til vors, um sameiningu fjögurra prestakalla í Suðurprófastsdæmi. Héraðsfundur Suðurprófastsdæmis lagðist eindregið á móti sameiningunni s.l. haust, en nú liggur fyrir viljayfirlýsing um sameiningu Eyrarbakka og Selfossprestakalla, með einn sóknarprest og 2 presta.

„ Samkvæmt 3. gr. starfsreglna um skipulag kirkjunnar í héraði nr. 1026/2007 skal gefa safnaðarfundum (þarf ekki að vera aðalsafnaðarfundur) og héraðsfundi kost á að veita umsögn um framangreinda tillögu. Umsagnir skulu sendar biskupafundi sem fer yfir þær og býr síðan málið til kirkjuþings.

Tillögugerð þessi er hluti af stefnu biskupafundar um nýskipan prestakalla á landsvísu sem unnið hefur verið að. Felst í þeirri stefnu að horfið verði frá einmenningsprestaköllum, þar sem því verður við komið. Í hverju prestakalli verði sóknarprestur og prestur að lágmarki og fleiri prestar ef þurfa þykir vegna mannfjölda eða aðstæðna.“

Héraðsnefndin kom saman og ræddi þessa tillögu ásamt prófasti og lögfræðingi Biskupsstofu 31. janúar og í framhaldi af því þarf að halda safnaðarfundu.

Sóknarnefndin hvetur öll sóknarbörn Villingaholtssóknar, eldri en 16 ára, til að koma til þessa fundar til að fræðast um hvað liggur að baki og tjá skoðun sína, þar sem fundurinn á að skila inn umsögn um fyrirhugaða tillögu til biskupafundar sem býr málið til Kirkjuþings sem haldið verður 2.-3. mars n.k.

Sóknarnefnd Villingaholtssóknar

Íþróttakennsla og iðjupjálfun í Krakkaborg

Dagleg hreyfing er nauðsynleg fyrir eðlilegan vöxt og þroska barna sem og andlega vellíðan. Hreyfing ýtir m.a. undir sköpunarkraft, framkallar gleði og vellíðan, styrkir sjálfsmyndina og eflir hreyfiþroska. Í aðalnámskrá fyrir leikskóla segir: „ Í leikskóla eiga börn að læra um og tileinka sér heilbrigða lífshætti, hollt mataræði, hvíld, hreinlæti og hreyfingu. Hreyfing er börnum eðlislæg og stuðlar að vellíðan. Hreyfing getur haft í för með sér gleði og ánægju og í gegnum hana læra börn. Börn eiga að fá tækifæri til að hreyfa sig frjálst jafnframt því að taka þátt í skipulagðri hreyfingu. Hreyfing og vellíðan hafa jákvæð áhrif á samskipti barna, umgengni þeirra við umhverfi sitt og hæfni þeirra til að takast á við daglegt líf og nýjar aðstæður.”

Haustið 2018 tók til starfa iðjupjálfi í Leikskólanum Krakkaborg. Ekki hefur verið starfandi iðjupjálfi í leikskólanum áður og því er starfið í sífellndri þróun. Áhersla er lögð á að iðjupjálfi sé í náinni samvinnu við barnið, fjölskyldu þess, kennara og aðra fagaðila, eftir því sem við á. Líkt og aðrir iðjupjálfar sem starfa með börnum leggur iðjupjálfi Krakkaborgar ríka áhersla á þjálfun grunnpátta í þroska miðtaugakerfisins. Þessir þættir eru jafnvægis-, snerti-, og hreyfi- og stöðuskyn og eru undirstaða eðlilegs skyn- og hreyfiþroska. Þar að auki er lögð áhersla á fín- og grófhreyfifærni sem og færni í athöfnum daglegs lífs. Í iðjupjálfun eru flestir þessara þátta þjálfaðir í gegnum leik þó svo að einstaka þáttur sé þjálfaður með beinni þjálfun í athöfninni sjálfri. Mikil áhersla er lögð á að nemendur hafi gaman af þjálfuninni og að hún sé einstaklingsmiðuð. Kröfur eru gerðar í samræmi við getu nemenda, styrkleikar þeirra fundnir og þeir nýttir til að styrkja veikar hliðar þeirra.

Markmið iðjupjálfunar er að ýta undir skyn- og hreyfiþroska nemenda og auka færni þeirra og þátttöku við nám, leik, eigin umsjá og dagleg viðfangsefni sem hafa þýðingu fyrir þau. Farsælt samspil nemenda, iðju og umhverfis er leiðarljós þjálfunarinnar.

Í Krakkaborg búum við svo vel að hafa aðgang að vel útbúnum íþróttasal, krefjandi útisvæði og umhverfi sem gerir okkur kleyft að hlúa sérstaklega vel að grófhreyfifroska nemendahópsins. Lögð er rík áhersla á að allir nemendur leikskólans fái markvissa alhliða hreyfingu, hvort sem er í gegnum frjálsan leik, útiveru eða í skipulögðum íþróttatímum. Allir nemendur leikskólans fara í íþróttir a.m.k. einu sinni í viku í u.þ.b. klukkustund í senn. Íþróttastundirnar eru skipulagðar þannig að í upphafi setjumst við niður klæðum okkur úr sokkum og peysum, förum yfir skipulag dagsins, fræðumst um líkamann, heilbrigði og heilsu og hitum okkur svo upp með ýmsum æfingum og leikjum. Í aðalþætti hreyfistundarinnar prófum við og kynnumst hinum ýmsu íþróttagreinum, förum í alls kyns leiki, gerum æfingar með hin ýmsu áhöld (baunapoka, sippubönd, húllahringi, bolta, sápukúlur og fleira), förum í þrautabrautir sem reyna á jafnvægi, hugrekki, samhæfingu, styrk, þol, útsjónarsemi, rýmisgreind o.fl., gerum stöðvahringi, dönsum og umfram allt höfum alveg rosalega skemmtilegt. Í lok tímans hjálpast allir að við að ganga frá. Við setjumst niður, spjöllum saman, slökum á og syngjum svo „Takk fyrir tímann“, lagið okkar áður en við klæðum okkur í og höldum til baka í leikskólann.

Viðfangsefni hvers íþróttatíma eru útfærð miðað við getu og þroska nemendanna. Ljúbjálfi stendur vörð um að allir fái að njóta sín á sínum forsendum og hverjum og einum nemanda er mætt þar sem hann er staddur. Reynt er að koma inn á sem flesta þroskaþætti með leikjum og æfingum en númer eitt tvö og þrjú er að öllum líði vel í íþróttatímanum, hafi gaman af og njóti þess að hreyfa sig. Jákvæð reynsla barna af hreyfingu eykur nefnilega líkurnar á því að þau temji sér heilbrigða lífshætti á fullorðinsárum sem fela í sér hreyfingu. Í tilefni af árlegum Degi leikskólans er áhugasömum boðið að koma í heimsókn í Krakkaborg á Opið hús kl. 15:00 þann 6. febrúar og taka þátt í eða fylgjast með leikjum og ýmsum útverkum á Enginu, byggja hressingu og skoða fallega leikskólann okkar.

Bestu kveðjur, nemendur og starfsfólk Krakkaborgar

Messuhald til vors

Hér er birt yfirlit yfir messuhald í kirkjum Selfossprestakalls í Flóahreppi vorið 2018. Organisti er Ingi Heiðmar Jónsson og kirkjukór Hraungerðis -og Villingaholtskirkna syngur við athafnir.

10. mars. Guðspjónusta í Villingaholtskirkju kl. 13:30. Prestur Ninna Sif Svavardóttir. Aðalsafnaðarfundur Villingaholtssóknar verður haldinn að messu lokinni.

18. apríl. Fermingarmessa í Laugardælakirkju kl. 13:30. Prestur Axel Árnason Njarðvík.

21. apríl, páskadagur. Hátíðarmessa í Villingaholtskirkju kl 11:00. Prestur Guðbjörg Arnardóttir

22. apríl, annar páskadagur. Hátíðarmessa í Hraungerðiskirkju kl: 11:00. Prestur Guðbjörg Arnardóttir

12. maí Þjóðbúningamessa í Villingaholtskirkju kl.13:30. Prestur Guðbjörg Arnardóttir.

9. júní, hvítasunnudagur. Fermingarmessa í Villingaholtskirkju kl. 13:30. Prestur Guðbjörg Arnardóttir.

10. júní, annar hvítasunnudagur. Fermingarmessa í Hraungerðiskirkju kl.13:30. Prestur Guðbjörg Arnardóttir

16. júní, þrenningarhátíð. Guðspjónusta í Laugardælakirkju kl. 11:00.

Frá Hrossaræktarfélagi Flóahrepps

Ágætu félagar í Hrossaræktarfélagi Flóahrepps. Vegna nýrra laga um persónuvernd er orðið erfiðara að afla upplýsinga um árangur kynbótahrossa í eigu félagsmanna á kynbótasýningum ársins. Vinsamlega sendið upplýsingar um niðurstöður sýninga kynbótahrossa ársins 2018 til stjórnar félagsins á netfangið hrff.stjorn@gmail.com. Einnig væri gott ef eigendur hrossanna sem sýnd voru árið 2018 gætu sent myndir af þeim með. Þá eru einnig þeir sem eru með farandbikara í sínum fórum eftir síðustu uppskeruhátíð félagsins, vinsamlegast beðnir um að skila þeim til

einhvers stjórnarmanna sem fyrst, þó ekki síðar en á aðalfundi félagsins þann 8. mars næstkomandi.

Folaldasýning

Folaldasýning Hrossaræktarfélags Flóahrepps sunnudaginn 3. mars 2019 í Sleipnishöllinni að Brávöllum Selfossi og hefst hún kl. 13:30 Þátttökugjald er 2.500 kr. fyrir hvert folald og greiðist með reiðufé til gjaldkera. Skráningafrestur rennur út kl. 22:00 fimmtudaginn 28. febrúar. Koma verður fram nafn á folaldi, litur, móðir, faðir, ræktandi og eigandi. Skráning er hjá Ágústi Inga agustk@visir.is sími 899-5494, Atla Geir atligeir@hive.is sími 898-2256 og á netfang félagsins hrff.stjorn@gmail.com

Kaffiveitingar verða seldar í hléi.

Áhorfendur velja með kosningu glæsilegasta folaldið. Veitt verða verðlaun fyrir þrjú efstu sætin merfolöld og hestfolöld.

Þeir sem verða með folöld eru beðnir um að mæta eigi síðar en kl.13:00

Aðalfundur

Aðalfundur Hrossaræktarfélags Flóahrepps verður haldinn föstudaginn 8. mars í Þingborg. Fundurinn hefst kl. 20:30.

Léttar veitingar og kaffi verða í boði félagsins.

Á dagskrá fundarins eru venjuleg aðalfundarstörf. Unnið er að því að finna gest sem myndi halda stutt fræðsluerindi.

Nýir félagar sérstaklega velkomnir.

Uppskeruhátíð

Uppskeruhátíð Hrossaræktarfélags Flóahrepps og Hrossamessa verður haldin föstudagskvöldið 22. mars 2018 að Ferðabjónustunni Vatnsholti. Nánar auglýst síðar en takið daginn frá.

Ferðalag og Fræðsluerindi

Stefnt er að því að fara bæði í ferðalag á valinn hrossaræktarbú sem og að halda fræðslufund þegar fer að vora.

Kveðja stjórn Hrossaræktarfélags Flóahrepps

Úrslit af íþróttamótum

Mörg mót voru haldin í fyrsta mánuði ársins. Meðal annars

Aldursflokkamót HSK sem fór fram þann 13. janúar í Kaplakrika í Hafnarfirðinum. Margir hressir krakkar tóku þátt og stóðu sig ofboðslega vel. Þjótandi endaði í þriðja sæti í heilarstigakeppinni.

Benóný Ágústsson	’08	60m hlaup	10,75 sek	10. sæti
		Langstökk	3,07m	7. sæti
		Kúlúv.(2kg)	5,55m	10. sæti
David Ö. A. Sævarsson	’08	60m hlaup	10,45 sek	9. sæti
		600m hlaup	2:19,98 min	4. sæti
		Hástökk	1,05m	8. sæti
		Langstökk	3,04m	9. sæti
		Kúlúv.(2kg)	5,25m	13. sæti
Helgi Reynisson	’08	60m hlaup	10,03 sek	5. sæti
		600m hlaup	2:26,14 min	6. sæti
		Hástökk	1,10m	4. sæti
		Langstökk	3,36m	2. sæti
		Kúlúv.(2kg)	5,80m	8. sæti
Óskar Freyr Sigurðsson	’07	60m hlaup	11,46 sek	8. sæti
		Hástökk	1,03m	6. sæti
		Langstökk	2,79m	7. sæti
		Kúlúv.(3kg)	6,07m	4. sæti
Auðunn Ingi Davíðsson	’06	60m hlaup	9,54 sek	6. sæti
		600m hlaup	2:03,96 min	2. sæti
		60m gr. hlaup	13,31 sek	5. sæti
		Langstökk	4,04m	5. sæti
		Kúlúv.(3kg)	5,18m	9. sæti
Andreas Haraldur Ketel	’06	60m hlaup	10,22 sek	10. sæti
		Kúlúv.(3kg)	8,00m	4. sæti
Benjamín M. Magnúss.	’06	Hástökk	1,30m	4. sæti
		Kúlúv.(3kg)	8,50m	2. sæti
Hjalti Geir Jónsson	’06	60m hlaup	9,82 sek	8. sæti
		600m hlaup	2:28,80 min	5. sæti
		Langstökk	3,92m	7. sæti
		Kúlúv.(3kg)	6,47m	6. sæti
Oddur Olav Davíðsson	’06	60m hlaup	9,55 sek	7. sæti
		60m gr. hlaup	13,40 sek	6. sæti
		Hástökk	1,20m	7. sæti
		Langstökk	4,08m	4. sæti

Viðar Hrafn Victorsson	'06	Kúluv.(3kg)	5,13m	10. sæti
		60m hlaup	9,24 sek	3. sæti
		60m gr. hlaup	12,94 sek	2. sæti
		Hástökk	1,30m	2.-3. sæti
Ásrún Júlía Hansdóttir	'08	Kúluv.(3kg)	5,99m	8. sæti
		Kúluv.(2kg)	4,68m	7. sæti
Ásdís Eva Magnúsdóttir	'07	Langstökk	2,22m	13. sæti
		Kúluv.(2kg)	6,24m	5. sæti
Eyrún Sif Elíasdóttir	'07	Kúluv.(2kg)	7,06m	2. sæti
Kamilla Hafðís Ketel	'07	60m hlaup	10,31 sek	10. sæti
		600m hlaup	2:18,73 min	5. sæti
		Hástökk	1,15m	4. sæti
		Langstökk	3,38m	4. sæti
Svandís A. Sævarsdóttir	'07	60m hlaup	9,73 sek	4. sæti
		600m hlaup	2:24,33 min	6. sæti
		Hástökk	1,25m	2. sæti
		Langstökk	3,34m	7. sæti
Þórunn E. Ingvarsdóttir	'07	Kúluv.(2kg)	6,42m	4. sæti
		60m hlaup	10,70 sek	12. sæti
		Langstökk	2,29m	12. sæti
Þórunn Ólafsdóttir	'07	Kúluv.(2kg)	4,54m	13. sæti
		60m hlaup	10,15 sek	8. sæti
		600m hlaup	2:26,27 min	7. sæti
		Langstökk	3,29m	10. sæti
Ólöf Vala Heimisdóttir	'06	Kúluv.(2kg)	4,74m	12. sæti
		Kúluv.(2kg)	5,40m	11. sæti
Laufey Árnadóttir	'06	Kúluv.(2kg)	5,67m	10. sæti
		60m hlaup	9,59 sek	3. sæti
Soffía N. Andradóttir	'06	Hástökk	1,15m	6. sæti
		Langstökk	4,03m	5. sæti
		Kúluv.(2kg)	8,13m	4. sæti
		60m hlaup	10,04 sek	10. sæti
Þórunn Sturlud. Schacht	'06	60m hlaup	10,04 sek	10. sæti
Erlín Katla Hansdóttir	'05	60m hlaup	10,05 sek	11. sæti
		Langstökk	6,23m	8. sæti
Guðrún Ásta Ægisdóttir	'05	60m hlaup	9,66 sek	9. sæti
		Langstökk	3,35m	9. sæti
		Kúluv.(3kg)	5,81m	10. sæti
Katrín Ágústsdóttir	'05	60m hlaup	9,03 sek	4.-5. sæti
		Langstökk	3,56m	8. sæti
		Kúluv.(3kg)	7,84m	5. sæti

Unglingamót HSK fór einnig fram þann 13. janúar í Kaplakrika. UMF Þjótandi stóð sig mjög vel og hafnaði í fjórða sæti í heildarstigakeppninni.

Einar Árni Ólafsson	'03	Kúluv.(5kg)	11,37m	2. sæti
Elías Örn Jónsson	'03	60m hlaup	8,17 sek	5. sæti
		Hástökk	1,45m	5. sæti
		Langstökk	4,72m	5. sæti
		Kúluv.(5kg)	8,16m	6. sæti
Simon Martinsson	'03	60m hlaup	8,87 sek	8. sæti
		800m hlaup	2:54,09 min	3. sæti
		Langstökk	4,13m	7. sæti
Smári Þór Svansson	'03	60m hlaup	8,77 sek	6. sæti
		Langstökk	4,69m	6. sæti
Unnsteinn Reynisson	'03	60m hlaup	7,87 sek	4. sæti
		800m hlaup	2:43,50 min	2. sæti
		Hástökk	1,80m	2. sæti
		Langstökk	5,40m	4. sæti
		Kúluv.(5kg)	9,46m	5. sæti

Þjótandi átti tvo keppendur á **Héraðsmóti HSK** sem fór fram í Kaplakrika þann 13. janúar. Þeir Brynjar og Stefán stóðu sig frábærlega og enduðu á því að sigra heildarstigakeppnina.

Brynjar Jón Brynjarsson	'01	60m hlaup	8,07 sek	2. sæti
		Hástökk	1,50m	2. sæti
		Langstökk	5,17m	2. sæti
		Kúluv.(6kg)	9,92m	2. sæti
Stefán Narfi Bjarnason	'00	60m hlaup	7,60 sek	1. sæti
		Hástökk	1,65m	1. sæti
		Langstökk	5,76m	1. sæti
		Kúluv.(7,26kg)	10,66m	1. sæti

Meistaramót Íslands 15-22 ára fór fram 26.-27. janúar í Kaplakrika. Þar kepptu sex keppendur úr Þjótanda í sameiginlegu liði HSK/Selfoss. Þau stóðu sig öll mjög vel og hafnaði HSK/Selfoss í öðru sæti í stigakeppninni.

Einar Árni Ólafsson	'03	kúluv.(5kg)	10,04m	10. sæti
Elías Örn Jónsson	'03	60m hlaup	8,24 sek	16. sæti
		200m hlaup	27,39 sek	18. sæti
		Langstökk	5,19m	8. sæti
		Kúluv.(5kg)	8,13m	11. sæti
Unnsteinn Reynisson	'03	60m hlaup	8,00 sek	10. sæti

	200m hlaup	25,77 sek	9. sæti
	400m hlaup	59,00 sek	7. sæti
	Hástökk	1,75m	5. sæti
	Langstökk	5,39m	7. sæti
	Þrístökk	11,31m	4. sæti
Brynjar Jón Brynjarsson '01	60m hlaup	8,10 sek	9. sæti
	200m hlaup	27,11 sek	10. sæti
	Langstökk	4,56m	6. sæti
	Kúlúv.(6kg)	9,50m	5. sæti
Hugi Snær Jónsson '01	60m hlaup	8,18 sek	10. sæti
	200m hlaup	26,78 sek	9. sæti
	Kúlúv.(6kg)	6,78m	10. sæti
Sigurbjörg E. Sveinbjörnsd. '01	60m hlaup	9,56 sek	12. sæti
	200m hlaup	31,79 sek	11. sæti
	Langstökk	4,08m	10. sæti

Frá Kvenfélagi Villingaholtshrepps:

Gaman saman í Þingborg. Hittumst í nýja fundarsalnum í Þingborg fimmtudagskvöldið 7. febrúar kl 20.00. Formaður sýnir myndir sem hún hefur tekið á stórum skjá. Þar leynast myndir af viðburðum og ferðum frá árunum 2011/2012 til þessa dags. Gengið inn um skrifstofuinnangang. Vonumst til að sjá sem flestar.

Kristín á Hurðarbaki býður okkur í opið hús fimmtudagskvöldið 21. febrúar n.k. kl. 20. Mætum með góða skapið og eitthvað snarl með kaffinu.

Aðalfundur kvenfélagsins verður haldinn í Þjósárverri, sunnudaginn 17. mars kl. 13.30, svo endilega takið daginn frá. Dagskrá verður auglýst í Áveitunni í mars.

Formaður

Dagskrá mánaðarins

Glímæfing	5. febrúar
Æfingar í Þingborg	6. febrúar
Gaman saman Kvenfélag Villingah.hr	7. febrúar
Almennur safnaðarfundur í Villingah.kirkju	11. febrúar
Glímuæfing	12. febrúar
Æfingar í Þingborg	13. febrúar
Þorablót í Þjórsárverri	16. febrúar
Glímuæfing	19. febrúar
Æfingar í Þingborg	20. febrúar
Opið hús Kvenfélag Villingah.hr	21. febrúar
Glímuæfing	26. febrúar
Æfingar í Þingborg	27. febrúar
Folaldasýning	3. mars



Þjótandakrakkar á Héraðsleikum HSK 2018